

Almennar leiðbeiningar um uppsetningu, staðsetningu og viðhald á hitaskynjurum

Gildir fyrir flestar gerðir hitaskynjara



EI103C Ferkantaður með prufuhnapp og gaumljósi.
Samtengjanlegur við allt að 12 stk. EI skynjara optíska (EI 105C)
eða jóníska (EI100C).

ATHUGIÐ: Lesið leiðbeiningarnar. Staðsetjið hita og reykskynjarana rétt. Farið eftir ábendingum um uppsetningu. Prófið hita og reykskynjarana reglulega. Leggið drög að undankomuleiðum af heimilinu til öryggis.

1. ALMENNAR UPPLÝSINGAR.

- * Staðsetjið skynjarann fyrir miðju lofts, ef hægt er.
- * Prófið vikulega með prufuhnappnum.
- * Setjið nýja **alkaline** rafhlöðu í árlega eða þegar viðvörðunarkerki heyrir á mínútu fresti.
- * Þegar skynjarinn er fyrst settur upp getur heyrst í honum 2-3 sekúndur. **Það er eðlilegt.**
- * Hitaskynjari kemur ekki í veg fyrir eldsvoða.
- * Skipuleggið útgönguleiðir.
- * Viðvörðunarkerfi krefst reykskynjara auk hitaskynjara og allar einingar samtengdar.
- * Ef þú ert í vafa eða hefur spurningar hafðu samband við söluaðila eða slökkvilið.

2. ALMENN STAÐSETNING HITASKYNJARA:

* Hitaskynjarinn gefur viðvörðun þegar hitinn að honum nálgast 58°C. Hann er tilvalinn fyrir eldhús, bílskúra, kyndiklefa og slíkt, þar sem oft er reykur, uppgufun, ryk o.fl. eða þar sem venjulegur reykskynjari getur ekki verið nema eiga á hættu að hann gefir frá sér ótímabæra viðvörðun. Hitaskynjari skyldi aðeins setja í herbergi við t.d. hlið útgönguleiða samtengdan við venjulega reykskynjara, sem eru í útgönguleiðum.

* Allir hita- og reykskynjarar skulu vera samtengdir til þess að vissa sé fyrir skjótri viðvörðun. Þannig fæst mesta öryggið þ.e. að þessir skynjarar vinni saman. Hitaskynjari sem settur er í lokað herbergi gefur fljótt viðvörðun um eld í því herbergi.

Hitaskynjari:

1. Í herberjum við hlið eða á útgönguleiðum - elhús, bílskúr, kyndiklefa o.s.frv. þar sem reykskynjari er óhentugur. Staðsetjið innan 5,3 m. frá líklegum upptökum elds.

Reykskynjari: (Jónískir og optískir)

1. Innan 7 m. frá dyrum herbergja þar sem upptök elds eru líkleg. Í gangar sem eru lengri en 15 m. ætti að setja fleiri en einn reykskynjara.
2. Á hverja hæð.
3. Innan 3 m. frá svefnherbergishurð, svo viðvörðun heyrir örugglega.
4. Í hvert herbergi þar sem eldur gæti brotist út (nema þar sem eldað er, ryk er mikið eða reykur frá bíl).

3. STAÐSETNING HITASKYNJARA:

- * Hitaskynjarinn skal settur í loft, helst fyrir miðju, alls ekki í hornum.
- * Staðsetjið hann a.m.k. 30 sm. frá ljósastæðum eða hlutum sem hindrað gætu hitann að ná til skynjarans.
- * Staðsetjið hann lágmark 15 sm. frá veggjum eða hornum. Ekki er mælt með að staðsetja hann á vegg.

3. ÞAR SEM EKKI Á AÐ STAÐSETJA HITASKYNJARA:

- * Þar sem sem mikill hiti getur skapast, s.s. ris, beint yfir ofnum, kötlum eða þar sem hiti/gufa gætu orsakað ótímabæra viðvörðun. Einnig á staði þar sem hitastig fer undir 4°C.
- * **Baðherbergi, sturtuklefar** o.þ.h. þar sem gufan gæti orsakað ótímabæra viðvörðun.

- * Nálægt **skrautmunum, hurðum, ljósastæðum, gluggasýllum** o.s.frv. sem gætu hindrað hitastreymi til skynjarans.
- * Fleti sem eru yfirleitt **heitari** eða **kaldari** en herbergið (t.d. þaklúgur, óeinangraðir útveggir, o.fl.).
- * Nálægt eða fyrir ofan hitara, loftræstilúgur, glugga o.fl. sem gætu breytt loftstreymi.
- * Á mjög háum stöðum, t.d. fyrir ofan stigaop þar sem erfitt er að ná til skynjarans til þess að prófa hann eða skipta um rafhlöðu.
- * Ekki innan 1 m. frá "dimmer" stýrðum ljósum og vírum, þar sem það gæti orsakað truflanir.
- * Ekki innan 1 m. frá fluorescent ljósum og vírum þess sem truflað gætu skynjarann.
- * Á sérstaklega óþrífalega staði þar sem mengun byggist upp og gæti tafið viðvörun.

UPPSETNING:

1. Opnið hitaskynjarann með því að lyfta lokinu. Takið ekki lokið af botninum.
2. Staðsetjið skynjarann þar sem hann á að vera. Merkið fyrir skrúfum í skrúfugötum.
3. Gætið þess að forðast raflagnir í loftinu, borið göt í miðju merkisins. Ýtið plasttöppunum í götin og skrúfið þétt.
4. Lyftið rafhlöðunni úr hólfinu og tengið við vírana. ATH: Hátt hljóð getur heyrst þegar tengt er. Prófaðu hitaskynjarann með því að þrýsta á hnappinn. Skriði dagsetningu þegar rafhlaðan er sett í með blýanti innan á lokið til að minnis um hvenær skipta skal um rafhlöðu. Þegar rafhlaða er endurnýjuð munið að prófa skynjarann.

RAFHLÖÐUR:

Hitaskynjarinn er með innbyggða viðvörun fyrir rafhlöðuna. Þegar rafhlaðan er að verða tóm gefur hitaskynjarinn frá sér bíb hljóð einu sinni á mínútu áður en rafhlaðan verður tóm. Slíkt hljóð á að heyrast í 7 til 30 daga. Setjið nýja rafhlöðu strax í.

PRÓFUN OG VIÐHALD HITASKYNJARA:

1. Það er ráðlagt að prófa hitaskynjarann vikulega og einnig eftir að rafhlaða hefur verið endurnýjuð.
2. Þrýstið á hnappinn í nokkrar sekúndur. Þá kemur viðvörunarhljóð eins og um hita væri að ræða.
3. Prófa má skynjun með því að nota hárbólásara (1000W) og blása að skynjara. Viðvörun á að koma innan 30 sekúndna.
4. **ÁRÍÐANDI:** Prófið ávallt hitaskynjarann þegar komið er heim að loknu leyfi.
5. Gott er að ryksuga rifurnar á hitaskynjaranum ef ryk eða óhreinindi hafa safnast fyrir. Aftengið rafhlöðu áður. Ef ástæða er til að þrifa lokið sérstaklega má gera það með sápuvatni en fjarlægjið það af skynjaranum áður.
6. Ef hitaskynjari gefur frá sér ótímabæra viðvörun er líklegt að hann sé ekki rétt staðsettur. Skoðið kaflann **PAR SEM EKKI Á AÐ SETJA HITASKYNJARA.**

SAMTENGING HITA OG REYKSKYNJARA:

Hámark 12 samtengjanlega EI 103, EI 100C og EI 105C hita/reykskynjara má tengja saman, þannig að þegar einn skynjari skynjar eld þá gefa allir skynjarar frá sér viðvörun. Þetta stuðlar að því að viðvörun heyrast örugglega.

VIÐVÖRUN:

Ekki tengja saman aðrar tegundir af hita/reykskynjurum við EI skynjara. Hámark 250 m. af vír er hægt að nota (hámarks viðnám milli skynjara 50 ohm). Þeir eru samtengdir með því að víra saman öll tengi merkt 1 og öll tengi merkt 2. Gat skal gert á miðann sem límdur er yfir víragatið á botni skynjarans og vírarnir dregnir þar í gegn. Athugið að vírarnir inni í skynjaranum mega ekki snerta prófunarhnappinn og mega ekki heldur trufla loftflæði inn í skynjarann. Súgur frá víragötum, snúrugötum eða borgötum geta blásið hita/reyk frá skynjunarhólfi, og gert það ónæmt fyrir hita/reyk, þannig að það er nauðsynlegt að loka slíkum götum með silicone þétti eða álíka. Þegar vírun er lokið skal prófa samtenginguna með því að ýta á prufuhnappinn á fyrsta skynjaranum. Allir skynjararnir senda frá sér viðvörun innan 10 sek. og rautt ljós logar **eingöngu** á þeim skynjara sem er prófaður á einnar sekúndu fresti. Prófið síðan alla skynjarana á sama hátt.